



# **Ef strákar eru bara strákar, læra þá stelpur að vera fórnarlömb?**

Hefur uppeldi stráka áhrif á að þeir beiti kynferðislegu ofbeldi?

Kristín Hlöðversdóttir

**Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði**

**Félagsvísindasvið**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Ef strákar eru bara strákar, læra þá stelpur að vera fórnarlömb?  
*Hefur uppeldi stráka áhrif á að þeir beiti kynferðislegu ofbeldi?***

Kristín Hlööversdóttir

Lokaverkefni til BA–gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Félags- og mannvísindadeild  
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2013

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Kristín Hlökkversdóttir, 2013

Reykjavík, Ísland 2013

## Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BA-gráðu í félagsfræði við Háskóla Íslands. Fjallað verður um hvort það sé eitthvað í uppeldi drengja sem geti leitt til þess að þeir beiti konur kynferðislegu ofbeldi á fullorðinsárum. Í því ljósi var félagslegur veruleiki kynjanna skoðaður ásamt þeim karlmennskuhugmyndum sem ríkja í samfélaginu. Einnig var skoðað hvort að jafnrétti kynjanna hafi haft þau áhrif að nauðgunartíðni lækki, þar sem breytt viðhorf stuðli að jafnara samfélagi og breyttum viðhorfum til hefðbundinna kynhlutverka. Eðli og veruleiki nauðgana var síðan skoðaður með tilliti til kyns og notast var við félagsfræðilegar og femínískar kenningar við kenningarlega nálgun nauðgana. Greint var frá þeim áhrifaþáttum sem geta ýtt undir það að karlar beita konur kynferðislegu ofbeldi. Niðurstöður ritgerðarinnar voru þær að þeir drengir sem alast upp við erfiðar uppeldisaðstæður svo sem fátækt, misrétti og ofbeldi séu líklegri heldur en aðrir til þess að beita konur kynferðislegu ofbeldi seinna meir. Þeir drengir sem alast upp í jafnréttissinnuðum samfélögum eru líklegri til þess að hafa heilbrigðari viðhorf til kvenna í samfélaginu. Nauðgunartíðni héraendis hefur ekki aukist í gegnum árin en er engu að síður há, leiða má líkur að því að konur hér á landi séu líklegri til þess að kæra slíka glæpi heldur en þær konur sem búa við feðraveldi þar sem nauðgunartíðni mælist lág.

## **Þakkarorð**

Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum Ingólfi V. Gíslasyni fyrir ómetanlega leiðsögn og ráðleggingar við gerð þessarar ritgerðar. Einnig vil ég þakka fjölskyldunni minni fyrir að gefa sér tíma til að lesa yfir ritgerðina mína og koma með uppbyggjandi gagnrýni og hvatningu á meðan á skrifunum stóð. Án þeirra stuðnings hefði þessi ritgerð ekki orðið að veruleika.

# Efnisyfirlit

<b>1 Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>2 Félagslegur veruleiki</b> .....	<b>9</b>
2.1 Karlmennska og völd .....	10
2.2 Kynjakerfið .....	11
2.3 Styðjandi kvenleiki .....	12
2.4 Ríkjandi karlmennska .....	13
2.5 Skaðleg karlmennska .....	14
<b>3 Nauðganir</b> .....	<b>15</b>
3.1 Nauðgunarmenning.....	15
3.2 Réttarkerfið .....	17
<b>4 Kenningaleg nálgun</b> .....	<b>18</b>
4.1 Félagsnámskenning.....	18
4.2 Álagskenningar .....	18
4.3 Femínískar kenningar.....	19
<b>5 Þættir sem hafa áhrif á að karlar nauðgi</b> .....	<b>20</b>
5.1 Misrétti kynjanna.....	20
5.2 Uppeldi.....	21
5.3 Fátækt.....	22
5.4 Dóms-og lagakerfið .....	23
<b>6 Aukið jafnrétti kynjanna</b> .....	<b>25</b>
6.1 Jafnréttissinnað uppeldi .....	26
6.2 Áhrif jafnréttisbaráttu kvenna á nauðgunartíðni .....	27
<b>7 Staðan á Íslandi í kynferðisafbrotamálum</b> .....	<b>29</b>
7.1 Hefur ofbeldi gagnvart konum aukist ? .....	29
7.2 Rannsóknarskýrsla um einkenni og meðferð nauðgunarmála .....	29
<b>8 Lokaorð og umræður</b> .....	<b>32</b>
<b>9 Heimildaskrá</b> .....	<b>34</b>

## 1 Inngangur

Nauðgun er glæpur þar sem konur eru í flestum tilvikum fórnarlömb og karlmenn eru gerendur. Miðað við aðra glæpi þá eru kynferðisglæpir síður tilkynntir til lögreglu, sem gæti endurspeglad viðhorf samfélagsins til slíkra glæpa. Fórnarlömb eiga erfitt með að leita sér hjálpar, þar sem úrræðin eru ekki í hag brotþola (Munsch og Willer, 2012: 1126). Það er því skiljanlegt, að femínistar hafi veitt nauðgunarglæpum mikla athygli, þar sem slíkir glæpir vinna gegn jafnréttisbaráttu kvenna (Austin og Kim, 2000: 205).

Kynferðislegt ofbeldi heldur konum í skefjum og getur meðvitað verið notað sem vopn af körlum sem óttast að glata yfirráðum sínum (Murnen, Wright og Kaluzny, 2002: 359). Rótgrónar hugmyndir kynjakerfisins skapa ákveðnar hugmyndir um kynhlutverkin, sem geta verið takmarkandi fyrir bæði konur og karla. Þær hugmyndir sem meðal annars ríkja um karlmennsku eru að karlar eigi að sýna líkamlegan styrk sinn, þeir eigi að vera rökvisir og kappsamir, sýna aga og staðfestu sem og árásargirni. Konur eiga aftur á móti að sýna tilfinningasemi og sköpunargáfu þar sem kvenleikinn er skilgreindur sem brothættur og konur sem veikara kynið og hafa þar að leiðandi lægri valdastöðu en karlar. Karlmennskan birtist því sem gróf og harðneskjuleg, en kvenleikinn fíngerður og viðkvæmur (Katrín Björg Ríkarðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2012: 4).

Karlmenn hafa haft vald til þess að skilgreina tilveruna í aldaradur, þess vegna eru karllæg yfirráð ríkjandi og hugsun um tilveruna karllæg. Út frá því er konan alltaf lægra sett, sem seinna og ómerkilegra tvenndarparið. Það er greipt inn í ýmsar stofnanir líkt og skólakerfið, kirkjuna og réttar- og dómskerfið. Franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu telur það undarlegt að þessi skipting skuli hafa haldist og sömuleiðis hollusta fólks og hlýðni við reglur samfélagsins, bæði skráðar og óskráðar, því það leiði til svo mikils óréttlætis gagnvart ákveðnum hópum. Hinir undirokuðu sjá heiminn á sama máta og þeir sem hafa yfirráðin og taka þannig þátt í sinni eigin undirokun (Guðrún M. Guðmundsdóttir, 2004).

Félagsfræðingurinn Connell hefur bent á að karlar hafi mikilla hagsmuna að gæta í kynjakerfinu. Þær breytingar sem jafnréttisbarátta kynjanna hefur í för með sér höfða ekki til þeirra, því þær draga úr valdastöðu þeirra (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011:4). Félagsfræðingarnir Connell og Messerschmidt telja að þegar ráðandi karlmennskuhugmyndir missa vægi sitt þá verði til nýjar hugmyndir sem falli að breyttum aðstæðum (Guðbjört Guðjónsdóttir og Júlíana Magnúsdóttir, 2011: 49). Nýleg rannsókn hefur sýnt fram á að þeir karlmenn sem beita konur ofbeldi geri það þegar þeim finnst vegið að

karlmennsku sinni. Þeir réttlæta slíkan verknað fyrir sjálfum sér og öðrum með því að gildi karlmenskunnar séu í húfi að þeirra mati. Því getur andsvar karla gegn jafnréttisbaráttu komið fram sem bakslag, þar sem þeir beita ofbeldi til að reyna að viðhalda yfirráðum sínum (Munsch og Willer, 2012: 1126). Hinsvegar er sú rannsókn umdeild þar sem tilraunin er gerð á 97 bandarískum háskólanemum og alhæfingargildið því afar takmarkað eins og höfundar taka sjálfir fram.

Fréttaflutningur af óhugnanlegum nauðgunarmálum á undanförunum mánuðum, bæði hérlendis og annars staðar í heiminum hafa vakið upp ýmsar spurningar hjá mér. Það sem þessar nauðganir virðast eiga sameiginlegt, er að sökinni var beint að fórnarlömbunum. Má þar nefna unga konu frá Húsavík sem steig fram í byrjun aprílmánaðar þessa árs og sagði frá þeim ofsóknum sem hún hafði orðið fyrir af stórum hluta bæjarbúa Húsavíkur fyrir þrettán árum í kjölfar þess að hún hafði kært bekkjarbróðir sinn fyrir nauðgun. Brotamaðurinn játaði og var dæmdur til fangelsisvistar en þrátt fyrir það kenndi stór hluti bæjarbúa henni um nauðgunina. Í kjölfar þess skrifuðu á annað hundrað einstaklinga af báðum kynjum og af öllum aldri undir yfirlýsingu í bækjarsíðu Húsavíkur þar sem þeir lýstu yfir stuðningi við manninn sem nauðgaði henni. Í smábænum Steubenville í Bandaríkjunum var 16 ára stúlku nauðgað af tveimur jafnöldrum sínum. Stúlkan var meðvitundarlaus þar sem piltarnir byrjuðu henni deyfilyf. Fjöldi unglunga horfði á verknaðinn og tóku hann meðal annars upp á farsíma sína og settu á Internetið, en enginn gerði neitt til að stöðva piltana. Þar sem piltarnir voru báðir í fótboltaliði menntaskóla bæjarins voru þeir nánast í guðatölu meðal bæjarbúa. Þegar stúlkan lagði fram kærnu brást stór hluti bæjarbúa þannig við að hún hefði átt þetta skilið og með kærinni væri hún að kasta rýrð á fótboltaliðið og bæjarfélagið í heild sinni. Verjandi piltanna vildi fá málið fellt niður með þeim rökum að stúlkan hefði aldrei sagt skýrt nei.

Í lok síðasta árs komst Indland í heimsfréttirnar þar sem fluttar voru fréttir af hræðilegu nauðgunarmáli þar sem ungri konu var nauðgað af hópi fimm karlmannna í strætisvagni. Hún lést síðar af sárum sínum. Mikil mótmæli spruttu upp víða um Indland og um heim allan þar sem talið var að lögregla og dómskerfið á Indlandi sinnti nauðgunarmálum af mikilli linkind og að hagsmunir brotþola væru ekki hafðir í huga.

Megintilgangur þessarar ritgerðar er að kanna hvort að það sé eitthvað í uppeldi drengja sem geti haft þau áhrif að þeir beiti konur kynferðislegu ofbeldi á fullorðinsárum. Rýnt verður í félagslegan veruleika kynjanna og þær karlmennskuhugmyndir sem eru ríkjandi í samfélaginu. Einnig mun ég skoða áhrif valdsins á stöðu kynjanna sem og rótgrónar hugmyndir kynjakerfisins. Veruleiki nauðgana verður síðan skoðaður með tilliti til kyns út frá félagsfræðilegum og femínískum kenningum. Greint verður frá þeim þáttum sem hugsanlega



geta haft áhrif á að karlar beiti konur kynferðislegu ofbeldi. Einnig verður skoðað hvort að jafnrétti kynjanna hafi haft þau áhrif að nauðgunartíðni lækki, þar sem breytt viðhorf stuðli að jafnara samfélagi og breyttum viðhorfum til hefðbundinna kynhlutverka. Í lokin verður farið yfir stöðuna á kynferðisbrotamálum á Íslandi

## 2 Félagslegur veruleiki

Segja má að við lifum í tvískiptum heimi, í heimi hins kvenlæga og hins karllæga. Markmið jafnréttisbaráttunnar er að sameina þessa tvo heima svo að konur og karlar geti lifað án þvingana og hafta, en hinar aldagömlu hefðir og reglur settu bæði kynin í afmarkaða bása (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011: 3). Frá því að barn fæðist er það skilgreint út frá því hvort það sé stelpa eða strákur. Ein leið til að tákngera þennan mismun á milli kynjanna er að nota bleik og blá ungbarnaföt (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 1997: 254). Um þriggja ára aldur er talið að börn geti svarað því hvaða kyni þau tilheyra en fyrir þann aldur er það að vera stelpa eða strákur einungis útlitseinkenni fyrir þeim (Newman og Grauerholz, 2002: 120). Þau skilaboð sem börn fá frá fjölskyldu sinni, bókum, sjónvarpsefni og skólakerfinu kenna ekki aðeins og styrkja væntingar þeirra til kynhlutverks heldur móta sjálfsvitund þeirra. Slík kynmótun er öflug þar sem henni er haldið uppi af lögum, reglum og gildum samfélagsins (Newman og Grauerholz, 2002: 121). Leikfangaiðnaðurinn tekur einnig þátt í að aðskilja kynin með mismunandi leikföngum. Að stelpum er beint leikföngum eins og dúkkum, leikfangaeldhúsum og snyrtivörum. Strákaleikföng samanstanda hins vegar af vopnum, boltum og bílum (Lawson, 1993). Strákaleikföng eiga að stuðla að rökhugsun, samkeppni og árásargirni, en stelpuleikföng ýta undir hugmyndaflug, umhyggju og aukinn áhuga á eigin útliti (Newman og Grauerholz, 2002: 121).

Karlmennsku (e. masculinity) og kvenleika (e. femininity) er stillt upp sem tveimur andstæðum pólum frá upphafi nýs lífs, þar sem kvenleiki er það sem karlmennska er ekki og öfugt. Það sem telst vera karlmennska og kvenleiki hefur breyst í gegnum árin og er margbreytilegt eftir stöðu, kynþætti, kynhneigð, aldri og útliti (Newman og Grauerholz, 2002: 118). Kynin eru mótuð á þann hátt að samfélagið ætlast til að ákveðinni hegðun sé fylgt eftir. Það að karlar ættu fyrst og fremst að vera veiðimenn og konur ættu að sinna hreiðurgerð og hugsa um afkvæmin er ansi lífsseigt viðhorf (Helgi Gunnlaugsson, 2000: 182). Kyngervi er því félagslega mótað af umhverfi okkar. Í samskiptum okkar við aðra er einnig ákveðið hvað telst vera karlmennska og kvenleiki. Möguleikarnir eru mismiklir eftir tímabilum og samfélögum. Slíkt getur orsakað einhæfar skoðanir á þá leið að allar konur eigi að vera svona og allir karlar eigi að vera hinsegin. Tengist það hugmyndum eðlishyggjunnar en í henni felst að kynin fæðist með ólíka skapgerð og eiginleika. Eðlishyggjan hefur verið notuð til þess að réttlæta kynhlutverk svo og aðstöðu- og réttarstöðumun kynjanna. Kynin verða því andstæðupör og alhæfingar eru algengar um þá sem tilheyra sama kyni (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012: 6).

Félagsmótun karla og kvenna hefst strax í uppeldinu, þar sem þau læra hin hefðbundnu kynhlutverk, sem móta stelpur í að vera mjúkar, fíngerðar, ósjálfstæðar og taka lítið pláss. Strákar læra aftur á móti að vera sterkir, árásargjarnir og sýna litlar tilfinningar, til dæmis eiga þeir ekki að gráta. Ef nýbakaðir foreldrar eru spurðir hvort þeir komi fram við syni sína á annan hátt en dætur myndu líklegast flestir svara neitandi. Engu að síður benda rannsóknir til annars þar sem ólíkar væntingar foreldra til kynjanna eru svo inngrónar í samfélagið að margir foreldrar gera sér ekki grein fyrir því að þeir séu að hegða sér í samræmi við þær (Newman og Grauerholz, 2002: 121). Minna taumhald er á strákum heldur en stelpum þar sem þeim leyfist meira. Strákar hafa meira leyfi til þess að láta í sér heyra og vera stjórnlausir í samfélaginu. Afbrotahegðun getur verið ein afleiðing slíkrar hegðunar (Helgi Gunnlaugsson, 2000: 182).

## 2.1 Karlmennska og völd

Yfirráð karla er sterkur þáttur í vestrænni menningu og ógnir við þau völd eru líkleg til þess að valda miklum neikvæðum viðbrögðum (Lips, 1991: 25). Hið karllæga hegðunarmynstur er talið vera normið á meðan hegðunarmynstur kvenna er talið vera frávik, sem eigi að hundska (Lips, 1991: 39). Ef kona er valdamikil eða í valdamikilli stöðu þá er viðhorfið oft á tíðum á þá leið að hún sé að haga sér ókvenlega, þar sem viðhorf samfélagsins einkennast af því að kona og völd fari einfaldlega ekki saman. Viðbrögð ráðandi feðraveldis við valdamiklum konum eru ofbeldisfull og fjandsamleg, sem síðar breytast í afskiptaleysi og útskúfun. Valdamiklar konur eiga á hættu að vera hafnað, móðgaðar, hóttað og ráðist á þær. Slíkt hegðunarmynstur hefur margendurtekið sig í gegnum sögu mannkynsins (Lips, 1991: 22). Valdatengslin á milli kynjanna hafa í raun ekkert með kyn að gera heldur eru þau afsprengi samskipta karla og kvenna (Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, 1997: 255).

„Maður fæðist ekki kona heldur verður kona“ eru eftirminnileg orð fræðikonunnar og femínistans Simone de Beauvoir sem hafnaði hugmyndum eðlishyggjunnar. Beauvoir ásamt öðrum þeim sem aðhylltust mótunarhyggju trúðu því að hver einstaklingur fæðist með eigin skapgerð sem ekki væri hægt að yfirfæra yfir á alla einstaklinga sem tilheyra sama kyni. Frekar mótist manneskjan eftir þeim hugmyndum um kvenleika og karlmennsku sem eru við lýði í samfélaginu hverju sinni (Þorgerður Einarsdóttir, 2004: 223-224). Fræðimaðurinn Michel Foucault segir að í valdakerfinu komi valdið ekki lengur að ofan heldur felist það í samskiptum og að í öllum samskiptum felist vald. Rekja þarf valdið til valdahafa hverju sinni til þess að hægt sé að greina það. Sú hegðun sem fólk lærir af umhverfinu, sem getur verið í

formi þögulla skipana sem smjúga inn í undirmeðvitundina án þess að fólk átti sig endilega á þeim kallast habitus. Félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu nefnir þetta táknaða valdbeitingu, en í henni felst að fólk lærir hvað sé samþykkt kynhegðun. Í habitus kvenna eru hömlur og takmarkanir á líkama þeirra ríkjandi, sem leiðir til þess að þær eru undirgefnar og líkamstjáníng þeirra öðruvísi en hjá körlum. Í sumum samfélögum eiga konur að líta undan þegar karlmaður lítur á þær, sitja með krosslagðar fætur og svo framvegis. Karlmennt fá hins vegar meira svigrúm til þess að vera háværir og mega taka sitt pláss. Þessi táknaða valdbeiting festist í sessi vegna hollustu kvenna við valdhafa. Sú hollusta hefur þó ekkert með val að gera heldur kemur hún af habitus (Guðrún M. Guðmundsdóttir, 2004).

## 2.2 Kynjakerfið

Kynjakerfið eða feðraveldið (e. patriarchy) er samkvæmt félagsfræðingnum Sylvíu Walby félagslegt yfirráðakerfi þar sem konur eru kerfisbundið undirskipaðar, karlmönnum í hag. Hægt er að nota bæði hugtökin kynjakerfi og feðraveldi yfir orðið „patriarchy“, en Sylvia Walby kaus að nota það fyrnefnda þar sem hún taldi að orðið feðraveldi væri að hylla karlmenn. Þess ber þó að geta að það njóta ekki allir karlar góðs af slíku kerfi og ekki eru allar konur undirskipaðar vegna kyns síns. Sylvia Walby telur að kynjakerfið sé borið uppi af sex meginsviðum. Þau svið eru menning, kynverund, ofbeldi, ríkisvald, fjölskylda/heimili og atvinnulíf. Sviðin tengjast saman innbyrðis en eru hinsvegar tiltölulega óháð hvor öðru. Því sé ekki hægt að greina eina algilda uppsprettu valdsins eða gefa eina skýringu á undirskipun kvenna og er því að sama skapi ekki til ein allsherjarlausn. Þvert á móti er gert ráð fyrir að kynjakerfið sé borið uppi af félagslegum athöfnum og samskiptamynstri sem hvílir djúpt í hinum félagslegu grunngerðum. Það er borið uppi af margvíslegum samskiptatengslum og félagslegum athöfnum. Þau tengsl og athafnir geta verið misjafnlega rótgróin í samfélaginu, þau geta verið lögbundin og formfest eða ósýnileg og óáþreifanleg. Hins vegar þegar búið er að koma auga á kerfið þá verður það nokkuð augljóst (Þorgerður Einarsdóttir, 2006: 446).

Kynjakerfið hefur áhrif á það hvernig einstaklingar hegða sér og forskriftin er ekki sú sama fyrir konur og karla. Félagsfræðingarnir Ridgeway og Correll skilgreina kynjakerfið sem kerfi sem lætur viðtekið kynjaviðhorf búa til kynjamismun. Mætti líkja kynjakerfinu við eilífðarvél þar sem kerfið viðheldur sjálfu sér. Margt breytist, en þó virðist vera innbyggt í kynjakerfið að karlar séu valdameiri en konur (Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir, 2011: 3).

Kynjakerfið er aðgreint í tvö svið, einkasvið og opinbert svið. Meginuppspretta valdsins getur flust á milli sviða eftir því sem betur hentar stöðu karla. Framan af tuttugustu öldinni var kynjakerfið hvað sterkast á einkasviðinu en eftir því sem konur fengu aukin formleg réttindi á við karla líkt og aukna atvinnuþátttöku, þá færðist meginuppspretta valds karla yfir á opinbera sviðið. Þetta má rekja til þess að aukin atvinnuþátttaka kvenna og aukið efnahagslegt sjálfstæði þeirra veikti yfirskipun karla á einkasviðinu (Ásta Jóhannsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir, Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011: 16). Kynjakerfið líkt og ríkjandi hugmyndir um karlmennsku geta lagað sig að samfélagslegum þrýstingi og passað að völd karla tapist ekki til kvenna. Kynjakerfið getur því aukið umsvif sín á öðrum sviðum. Konur fá aðgang að kerfinu út frá forsendum karla þar sem þær taka upp samþykktar hugmyndir innan kerfisins og láta hið karllæga kerfi móta sig. Sjónarmiðsfemínismi telur að kerfið sé skipulagt þannig að það útiloki konur með markvissum og kerfisbundnum hætti í þeim tilgangi að viðhalda völdum karla. Slík valdbeiting er gerð réttlætunleg og er hugmyndafræði samfélagsins mótuð út frá því. Þeir valdahópar sem eru í ráðandi stöðu gera mýtur sínar að sjálfgefnu sannleika. Mýtur eru ákveðin kerfi tjáskipta þar sem engin höft eru á því hvað verður að mýtu og þeim er viðhaldið á þann máta að þær séu hinn náttúrulegi sannleikur. Hugmyndafræðinni er því viðhaldið með mýtum sem er annað hvort haldið uppi með þekkingu eða henni þröngvað að okkur (Ásta Jóhannsdóttir o.fl., 2011: 18). Þess vegna viðhaldast yferráð karla, því samkvæmt kenningum sjónarmiðsfemínismans þá öðlast kúgun lögmætingu með samþykki bæði ríkjandi og undirskipaðra hópa í samfélaginu (Ásta Jóhannsdóttir o.fl., 2011: 20).

### **2.3 Styðjandi kvenleiki**

Samkvæmt kenningum ástralska karlafræðingsins og félagsfræðingsins Connell þá er á hverjum tíma í hverju samfélagi ein ráðandi tegund karlmennsku í stigveldi karlmenskunnar. Konur og aðrir hópar af undirskipuðum karlmönnum líkt og samkynhneigðir eru þar neðar í stigveldinu (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012: 6). Staða kvenna í samfélaginu er ekki jafnfætis stöðu karla, hvorki í félagslegum né efnahagslegum skilningi. Það má rekja til þess að engin gerð kvenleikans er eins ráðandi og hin ráðandi karlmennska. Þó svo að fáir karlar nái hins vegar að fylgja ráðandi karlmenskuvíðmiði þá er hún eins konar forskrift að hegðun fyrir alla karla (Guðbjört Guðjónsdóttir og Júlíana Magnúsdóttir, 2011: 45). Það er því eitt af hlutverkum kvenna að styðja við hugmyndir ráðandi karlmennsku, en ekki að öðlast vald yfir öðrum konum. Þessi tegund kvenleika er kallaður styðjandi kvenleiki. Þessar hugmyndir

Connell hafa verið gagnrýndar þar sem til er ákveðin tegund innan kvenleikans sem er ráðandi. Sá kvenleiki er tengdur hvítum efristéttar konum sem eru ráðandi yfir svörtum konum af lægri stéttum. Því má segja að innan kvenleikans séu til ráðandi stéttir líkt og innan karlmennskunnar (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012: 6).

Eitt meginhlutverk styðjandi kvenleika er að halda undir og styðja karlmenskuna og þar með viðhalda athöfnum og gjörðum sem styrkja yfirráð karla yfir konum. Konur eiga að hlýða og þeirri hlýðni er viðhaldið með fjölmiðlum og af öðrum samfélagslega mótandi aðilum. Sú hlýðni mótar samskipti kynjanna og kennir konum að vera þær konur sem samþykktar eru af samfélaginu. Styðjandi kvenleiki kemur svo í veg fyrir að aðrir kvenleikar komist að líkt og mengandi kvenleiki (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012: 7). Mengandi kvenleiki hefur neikvæð áhrif á yfirráð karlmennskunnar og undirskipun kvenleikans, sem gæti orsakað valdatap karlmennskunnar (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2012: 8).

## **2.4 Ríkjandi karlmenska**

Connell kom með hugtakið ríkjandi karlmenska (e. hegemony) til að vísa í þá karlmensku sem er valdamest innan samfélagsins. Connell byggði hugtak sitt á hugmyndum fræðimannsins Antonio Gramsci um menningarlegt forræði (Connell, 2005: 77). Connell telur að karlmenska raðist upp í eins konar stigveldi, þar sem ein gerð karlmennskunnar er ráðandi yfir hinum sem undirskipaðar eru. Ráðandi karlmenska er því skilgreind sem fyrirkomulag kynjavenja sem felur í sér lögmætingu feðraveldisins og tryggir ríkjandi stöðu karla og undirokun kvenna (Guðbjört Guðjónsdóttir og Júlíana Magnúsdóttir, 2011: 46). Ekki er þó ríkjandi karlmenska endilega normið í samfélaginu. Margir karlmenn ná ekki að uppfylla kröfur ríkjandi karlmensku, en flestir karlmenn reyna að miða sig við hugmyndir hennar og er hún forskrift að hegðun þeirra. Rannsóknir Connell hafa leitt það í ljós að ríkjandi karlmenska er nær fyrir gagnrýni og reynir að laga sig að þeirri gagnrýni ef mótstaðan er nægilega öflug. Ríkjandi karlmenska reynir að réttlæta það að konur séu undirskipaðar körlum innan kynjakerfisins, þar sem karlar njóta forréttinda og þeim forréttindum vilja þeir ekki glata (Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir, 2011: 5).

## 2.5 Skaðleg karlmennska

Karlar geta líka verið þolendur yfirráðakerfisins þar sem þessi forréttindi geta haft neikvæðar afleiðingar fyrir karlmenn. Það er pressa á þeim að standa undir karlmennskuímynd sinni til að halda virðingu. Karllæg innræting getur því verið gildra því ýmislegt er lagt á karlmenn til að uppfylla allskonar kvaðir sem eru afleiðingar skaðlegrar karlmennsku. Þær kvaðir geta meðal annars tengst ofbeldi (Guðrún M. Guðmundsdóttir, 2004). Skaðleg karlmennska er heimatilbúið hugtak sem er byggt á þeirri hugmynd að það séu viðteknar hugmyndir, fyrirkomulag og atferli í karlmennskunni sem telst vera skaðlegt fyrir samfélagið í heild sinni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004: 63). Þeir piltar sem eru þolendur yfirráðakerfisins gengur almennt verr í skóla heldur en stúlkum, þeir eru líklegri til þess að fremja sjálfsmorð og þeir slasast frekar eða lenda í slagsmálum. Birtingarmyndir skaðlegrar karlmennsku eru tvenns konar. Annars vegar er beint og óbeint kynbundið ofbeldi. Beint kynbundið ofbeldi eru nauðganir og líkamsmeiðingar. Undir óbeint ofbeldi er ljótt og gróft tal um konur, klám og klámvæðing. Klámvæðing birtist víða og sést meðal annars í tónlistarmyndböndum, tískufatnaði, dægurlagatextum, tölvuleikjum og auglýsingum. Einnig geta flokkast undir skaðlega karlmennsku hugmyndir um kynbundin störf og það að viðhalda launamun kynjanna, þar sem karlar eru líklegri til þess að vera í yfirmannsstöðu heldur en konur. Slíkar hugmyndir geta í raun takmarkað frelsi karla þar sem ákveðnar karlmennskuhugmyndir eru taldar vera æskilegri heldur en aðrar (Ásta Jóhannsdóttir o.fl., 2011: 17).

Karlar eru ráðandi hópur á hinu opinbera sviði og innan samfélagsins. Konur eru meira áberandi á einkasviðinu og þar skortir karla ákveðna innsýn í reynsluheim kvenna þar sem þeir taka minni þátt í störfum á einkasviðinu. Ef horft er út frá kenningum sjónarmiðsfemínisma þá má öðlast aukna þekkingu á reynsluheimi kvenna með því að skoða málín út frá þeirra sjónarhorni þar sem þær hafa meiri reynslu á báðum sviðum og hafa upplifað undirskipan í þeim. Því er kynbundið ofbeldi gagnvart konum ein birtingarmynd félagslegs misréttis. Þessa birtingarmynd má rekja til yfirskipunar karla og til stofnana samfélagsins þar sem kúgun kvenna er í mörgum samfélögum ekki flokkuð sem félagslegt vandamál. Þar sem hið karllæga kynjakerfi er að passa sína eigin hagsmuni en ekki allra innan þess (Ásta Jóhannsdóttir o.fl., 2011: 17).

### 3 Nauðganir

Nauðgun er skilgreind sem líkamsáras og glæpur sem felur í sér að fórnarlambið er neytt til einhverskonar kynlífsathafna gegn vilja sínum (Munsch og Willer, 2012: 1126). Nauðganir eru kynbundið ofbeldi því þær endurspeglar kerfisbundið valdamynstur þar sem karlar eru meirihluti gerenda og konur eru meirihluti þolenda. Kynbundið ofbeldi er birtingarform á félagslegu taumhaldi á konum þar sem nauðgun er ýktasta birtingarmyndin á menningarbundinni karlmennsku. Ofbeldi gegn konum er því uppspretta yferráða í sjálfu sér og slík völd styrkjast vegna yferráða karla innan dómskerfisins. (Þorgerður Einarsdóttir, 2006: 452). Nauðgun er meðal algengustu glæpa sem framdir eru í Bandaríkjunum ár hvert, en eru aftur á móti sá glæpur sem sjaldnast er kærður. Talið er að meira en 300.000 konum sé nauðgað árlega í Bandaríkjunum, en sá fjöldi er þrisvar sinni hærri heldur en þær nauðganir sem eru í raun og veru tilkynntar árlega til lögreglu (Newman og Grauerholz, 2002: 403). Þeir aðilar sem eru kærðir fyrir nauðgun eru í flestum tilfellum ekki sakfelldir. Ólíkt öðrum glæpum þá þurfa fórnarlömb nauðgana að sanna sakleysi sitt til þess að eiga von um að sjá nauðgara sína kærða (Sheffield, 1987: 415). Nauðganir endurspeglar valdamun milli kynjanna, þar sem karlar notfæra sér stöðu sína með ofbeldisfullri hegðun. Í sögulegum skilningi var nauðgun skilgreind sem eignaspjöll þar sem konur voru taldar eign karla. Nauðgun var þá ekki glæpur gagnvart konunum sem var nauðgað heldur gegn körlunum sem áttu þær (Lips, 1991: 130).

#### 3.1 Nauðgunarmenning

Í flestum samfélögum heims er nauðgun fordæmd sem alvarlegur glæpur. Þess ber þó að geta að í mörgum þessarra samfélaga er falin nauðgunarmenning. Það er menning sem beinlínis ýtir undir það að það sé í lagi að brjóta kynferðislega á konum. Nauðgunarmenning hefur þó ekki sömu áhrif á alla karlmenn, því annars myndu allir karlmenn nauðga. Sumir karlmenn eru líklegri heldur en aðrir til þess að nauðga, þó svo að þeir mótist af sömu samfélagslegu áhrifunum. Rannsóknir hafa sýnt fram á að þeir sem eru líklegri til þess að verða fyrir áhrifum nauðgunarmenningar eru þeir sem eru óþroskaðir, ábyrgðarlausir og skortir félagslega samkennd (Thio, 2010: 94).

Í sumum löndum eru engin lög sem gilda yfir nauðganir í hjónaböndum. Það endurspeglar hin gömlu viðhorf að konur séu eign karla og slíkur hugsunarháttur er ein birtingarmynd nauðgunarmenningar. Einnig að þegar konum er nauðgað er þeim líkt við hlut sem búið er að eyðileggja. Nauðgunarmenning finnst einnig í þeim samfélögum þar sem



mikið er lagt upp úr því að konur séu kyntákn. Með kynferðislegu frjálsslyndi sínu verða þær minna virði. Ekki er borin mikil virðing fyrir þeim konum sem stunda það að selja blíðu sína og þær taldar vera lítils virði. Nauðgunarmál þar sem vændiskonur eru fórnarlömb enda sjaldnar með sakfellingu en hjá öðrum konum (Thio, 2010: 95). Algeng viðhorf gagnvart fórnarlömbum nauðgana eru að þær geti sjálfum sér um kennt, þar sem þær gangi um í ögrandi fatnaði og séu einar á ferli að kvöldi til. Slík hegðun sé í raun að ýta undir það að þær vilji láta nauðga sér. Slíkur hugsunarháttur endurspeglar ríkjandi viðhorf samfélagsins að konum skuli haldið í skefjum, þar sem kynferðislegt frelsi þeirra ógni kynhegðun karla (Thio, 2010: 98).

Sú mýta að konur vilji láta nauðga sér er algengur hugsunarháttur hjá nauðgurum og getur útskýrt hvers vegna þeir fremja slíkan glæp. Rannsóknir hafa sýnt að flestir dæmdir nauðgarar reyna að halda fram sakleysi sínu. Algengur hugsunarháttur meðal þeirra er að fórnarlömbin hafi ýtt undir þetta með daðri og þau hafi í raun meint já þegar þau sögðu nei (Thio, 2010: 99). Í rannsókn félagsfræðingsins Mörthu Burts á nauðgunarmýtum kom í ljós að ef fjölskylda og vinir hafa svipaðar skoðanir og þeir karlmenn sem beita kynferðisofbeldi, þá eru þau líklegri til þess að reyna afsaka og réttlæta slíka hegðun (Malamuth, 1981: 143). Nauðgunarmenningin mótast stelpur til að vera undirgefnar og ljúfar á meðan strákar læra að þeir eigi að vera harðir og árásargjarnir. Fjölmiðlar taka einnig þátt í slíkri félagsmótun, þar sem ýtt er undir að konur séu undirlægjur og skörinni lægri heldur en karlmenn (Thio, 2010: 99).

Ríkjandi karlmenskuvíðhorf samfélagsins reyna að afsaka kynferðisglæpi og réttlæta þá sem kynferðislega hegðun karla. Þær nauðgunarmýtur sem viðgangast í samfélaginu eiga það sameiginlegt að konur fái þau skilaboð að þær geti sjálfum sér um kennt að vera nauðgað. Algeng mýta er að konur ljúgi til um nauðganir. Rannsóknir hafa bent á að slíkar mýtur séu rangar. Falskar tilkynningar um nauðgunarbrot eru einungis um 1-2% af þeim brotum sem tilkynnt eru í Bandaríkjunum, sem er ekki ólíkt öðrum fólkskum tilkynningum um glæpi. Önnur mýta er að konur sem klæði sig ögrandi, sem eru undir áhrifum vímuefna og berjist ekki nægilega vel á móti séu raun að biðja um að vera nauðgað. Litið er meira niður á konur sem eru í ögrandi klæðnaði og undir áhrifum heldur en þær sem eru siðsamlega klæddar og ódrukknar þegar verknaðurinn er framinn (Anderson, Beattie og Spencer, 2001: 446). Skaðleg áhrif nauðgunarmýta leyna sér ekki þar sem sökin er færð af gerendum yfir á þolendur. Við erum hvött til þess að trúa því að allir sitji við sama borð og sú hegðun sem brjóti gegn einstaklingum eigi að vera refsiverð svo samfélög geti þrífist. Viðhorf þolenda nauðgunarglæpa mótast því oftast en ekki frá umhverfinu og fara þeir að trúa

nauðgunarmýtunum. Karlar eru líklegri heldur en konur til þess að trúa nauðgunarmýtunum, sérstaklega þeir sem eru eldri og eru með minni menntun (Anderson, Beattie og Spencer, 2001: 447).

### 3.2 Réttarkerfið

Fram undir 1970 höfðu flestar kenningar og rannsóknir afbrotafræðinnar snúist um að skýra glæpi karla, einkum glæpi ungra karla úr lægri þjóðfélagsstéttum. Í kjölfarið þegar konur fóru í auknum mæli að stunda nám, beindist kastljósið meira að konum í samfélaginu. Þá var farið í auknum mæli að rannsaka konur sem fórnarlömb glæpa líkt og við heimilisofbeldi og kynferðisbrot. Karlmenn sitja enn í meirihluta á löggjafarþingi og í hópi lögreglumanna, lögmanna og dómara en í kjölfar aukinnar réttindabaráttu kvenna þá hefur meðferð nauðgunarmála breyst til hins betra (Helgi Gunnlaugsson, 2000: 180). Skiptar skoðanir eru á því hvort dómur fyrir kynferðisbrot séu of vægir. Það er sjónarmið sumra að herða eigi refsingar til þess að uppræta nauðgunarbrot, en aðrir benda á að hertar refsingar muni ekki breyta þessu, heldur eigi frekar að einblína á málsmeðferðina sjálfa sem og réttarstöðu brotþola kynferðisbrota (Helgi Gunnlaugsson, 2000: 193).

Guðrún M. Guðmundsdóttir bendir á í meistararitgerð sinni (2004) að opinberar tölur í Evrópu um nauðganir sem tilkynnar eru til lögreglu séu einungis 1-12% af raunverulegri tíðni. Í íslenskum lögum voru nauðganir skilgreindar fyrst árið 1869. Núgildandi lög eru frá 1992 og var þeim breytt svo að bæði kynin geti kært nauðganir. Enn er nauðgun talin vera samsett brot, þar sem bæði þarf að vera um ofbeldi og nauðung að ræða. Hún er einnig talin vera tjónsbrot þar sem brot er talið vera full framið þegar gerandi nauðgunar hefur náð kynferðilegu markmiði sínu. Í lagalegum skilningi þá teljast kynmök við áfengisdauða manneskju ekki vera nauðgun ef hún kom sér sjálf í það ástand og hafi ekki getað sýnt mótþróa og því sé ekki um ofbeldi eða nauðung um að ræða. Það má því álykta að grundvöllur laganna sé karllægur og brotin metin út frá þeim gildum og brotþólinn sömuleiðis metinn út frá karllægri mælistiku. Að mati Guðrúnar eru löggin og réttarkerfið að varpa ljósi á raunverulega stöðu kvenna í samfélaginu. Ástæður þess megi rekja meðal annars í hugmyndir okkar um karlmennsku, þar sem kynferðislegri drottnandi hegðun er sýndur viss skilningur. Vegna sameiginlegs habitus samsama dómara sig betur með ofbeldismönnum heldur en með fórnarlömbunum (Guðrún M. Guðmundsdóttir, 2004).

## 4 Kenningaleg nálgun

Ýmsar afbrotafræðikenningar hafa sínar útskýringar á nauðgunum og kynferðisbrotum, en samkvæmt rannsóknum á síðastliðnum árum þá er nauðsynlegt að rannsaka nauðganir með stöðu kynjanna í huga og út frá félags- og efnahagslegu sjónarhorni með það að markmiði að útskýra af hverju konur eru í flestum tilfellum fórnarlömb kynferðisglæpa.

### 4.1 Félagsnámskenning

Rannsóknir hafa sýnt fram á það að kynferðisleg árásargirni geti verið lærd hegðun hjá körlum. Kenningin um félagsnám (e. Social learning) byggist á því að hegðun sé lærd með því að fylgjast með hegðun annarra einstaklinga og viðbrögðunum við slíkri hegðun. Því geta einstaklingar lært að kynferðisleg árásargirni sé eðlileg hegðun af þeim jafningjum sem þeir umgangast sem hafa sömu viðhorf. Börn sem alast upp við ofbeldi geta því verið í meiri hættu heldur en önnur börn þar sem þau eru líklegri til þess að læra jákvæðari hliðar ofbeldis og eru þau því líklegri til þess að beita því (Siegel, 2009: 294). Félagsfræðingarnir Sykes og Matza benda á að brotamennirnir reyni að réttlæta afbrotahegðunina fyrir sjálfum sér og öðrum, til þess að eyða sektarkennd (Helgi, Gunnlaugsson, 2008: 21). Í rannsókn félagsfræðingsins Malamuth kemur fram að tengja megi kynferðislega árásargirni karla við slæmt uppeldi þar sem líklegt er að þeir hafi upplifað einskonar áfall í æsku líkt og kynferðislega misnotkun (Jewkes, Sikweyiya, Morrell og Dunkle, 2011).

### 4.2 Álagskenningar

Álagskenning (e. strain theory) félagsfræðingsins Robert Mertons útskýrir afbrotahegðun einstaklinga sem viðbrögð við því álagi sem hlýst af því að ná ekki að uppfylla þau markmið sem samfélagið fyrirskipar eins og að vera í góðri fjárhagslegri stöðu eða að hafa góða atvinnu. Samkeppnin er orðin meiri, þar sem karlar keppa ekki eingöngu við aðra karlmenn heldur líka við konur. Út frá kynjabundnum álagskenningum (e. gendered strain theories) þá getur álagið á karla aukist við það að vita af konum sem eru í góðri fjárhagslegri stöðu og í góðri atvinnu á meðan þeir sjálfir ná ekki að uppfylla sömu markmið. Lengi vel voru karlmenn með betri menntun, í hærri stöðu og með hærri laun heldur en konur, en eftir því sem samfélög hafa orðið meira jafnréttissinnuð hefur það bil minnkað. Þegar kona nær sömu stöðu í samfélaginu og karlmaður geta sumir karlmenn upplifað það sem ógn við

karlmennsku sína. Til að verjast slíkri ógn beita sumir karlmenn konur ofbeldi og nauðga til þess að leita hefnda (Lee, Hilinski og Clevenger, 2009 : 178).

### 4.3 Femínískar kenningar

Femínistar hafa með ýmsum kenningum sínum reynt að útskýra kynbundið ofbeldi gagnvart konum. Þær kenningar hafa verið byggðar á frjálsslyndum, sósíalískum, marxískum eða róttækum viðhorfum. Femínistar eru flestir sammála um að misrétti kynjanna sé ein meginástæða ofbeldis gagnvart konum. Hins vegar eru innan femínismans ólíkar skoðanir á hvaða áhrif aukið jafnrétti kvenna hefur á nauðgunartíðni. Sósíalískir og marxískir femínistar telja að misrétti kynjanna byggist á hugmyndum feðraveldisins um kynhlutverk kynjanna. Í því ljósi ætti jafnréttisbarátta kvenna hafa þau áhrif að kynbundið ofbeldi gegn konum myndi minnka, sem rekja megi til þess að samfélagið og karlar samþykkja breytta stöðu kvenna (Lee, Hilinski og Clevenger, 2009: 180).

Frjálsslyndir femínistar telja að með auknu kynjajafnrétti muni ofbeldi gagnvart konum aukast en seinna meir muni það minnka þar sem staða kvenna í samfélaginu muni verða betri en hún var áður (Lee, Hilinski og Clevenger, 2009 : 179). Hinsvegar telja róttækir femínistar að aukið jafnrétti á milli kynjanna geti leitt til aukins ofbeldis gagnvart konum. Ástæðan fyrir því megi rekja til bakslags (e. backlash) kenningarinnar. Hún byggist á því að þar sem völd samfélagsins koma fyrst og fremst frá feðraveldinu, þá hafi aukin valdefling kvenna á sviði atvinnu, menntunar og í pólitík ógnandi áhrif á völd feðraveldisins. Það geti leitt til þess að sumir karlmenn snúa sér að því að beita konur ofbeldi til þess að stjórna þeim og halda þeim niðri (Martin, Vieraitis og Britto, 2006: 322). Þetta má rekja til hefðbundinna kynjahlutverka þar sem konur áttu að vera undirgefnar karlmönnum og karlmenn áttu að vera ráðandi (Lee, Hilinski og Clevenger, 2009: 179). Félagsfræðingurinn Sylvia Walby telur að fleiri nauðgunartilkyrningar megi rekja til betri stöðu kvenna á sviðum atvinnulífsins, innan stjórn mála og á fleiri sviðum. Yfirráðakerfið sé því að bæta sér upp á sviði kynferðis það sem karlmenn missa á öðrum sviðum (Þorgerður Einarsdóttir, 2006: 452).

## 5 Þættir sem hafa áhrif á að karlar nauðgi

### 5.1 Misrétti kynjanna

Það sem einkennir ofbeldi gagnvart konum í þriðja heims ríkjum þar sem feðraveldi ríkir er að konur hafa ekki sömu völd og karlar út frá pólitískri-, efnahagslegri-, menntunalegri- og félagslegri stöðu. Þær eru fórnarlömb kúgana ýmissa stofnana samfélagsins þar sem feðraveldi, hefðir og lög tryggja að karlar séu æðri en þær (Ahmed-Ghosh, 2004: 102). Misrétti milli kynjanna hefur því áhrif á bæði kynin. Misrétti er kerfisbundið og stofnanabundið ofbeldi sem kemur fram við konur sem annars flokks borgara þar sem réttindi þeirra eru takmörkuð bæði innan sem utan heimilisins. Misrétti kynjanna getur ýtt undir það að konur og stúlkur upplifi sig sem veikara kynið þar sem samfélagið skilgreinir þær sem vanhæfar og valdalitlar. Sterk tengsl eru á milli kynjamisréttis og kynbundins ofbeldis, þar sem misrétti og refsileysi haldast í hendur. Ofbeldisfull hegðun er almennt talin órjúfanlegur hluti af hegðun karlmanna og einn af eiginleikum karlmennskunnar þar sem búið er að karlvæða ofbeldið (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 11). Oft á tíðum telja konurnar að þær eigi það skilið að vera beittar ofbeldi, þar sem þær óhlyðnuðust maka eða foreldri (Ahmed-Ghosh, 2004: 110). Á stríðshrjáðum svæðum þar sem hersveitir beita borgara kerfisbundnu ofbeldi er ein ýktasta mynd af ójafnrétti kynjanna þegar konur og ungar stelpur eru gerðar af kynlífsþrælum. Þar er nauðgunartíðni líklegri til þess að vera hærri þar sem nauðganir, hópnaudganir og barsmíðar eru algengir fylgifiskar slíkra átaka. Ofbeldið er réttlætt og viðhaldið af herskárri ofbeldisfullri karlmennsku (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 12).

Ýmsar ástæður liggja fyrir því hvers vegna karlar vilja ekki taka þátt í jafnréttisbaráttunni, meðal annars geta þeir óttast að slíkt vegi að forréttindum þeirra og að þeir muni lítið sem ekkert græða á því. Margir karlmenn beita því ofbeldi eða hóta ofbeldi til að halda yfirráðum sínum. Sú ógn sem þeir telja að stafi frá konum reyna þeir að halda í skefjum með allt frá niðrandi kynferðislegum athugasemdum til grófra nauðgana (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 13). Þó svo að flestir karlmenn séu ekki hlynntir ofbeldi þá gera margir lítið sem ekkert til þess að reyna stöðva það. Þar sem karlar eru í meirihluta þeirra sem beita ofbeldi þá er það undir þeim komið að stöðva það með því að afneita þeim viðhorfum sem styðja kynbundið ofbeldi. Karlmenn fæðast ekki ofbeldisfullir, þeir verða ofbeldisfullir vegna félagsmótunar þar sem viðhorf og norm samfélagsins ýta undir skaðlega karlmennsku (Women's Commission for Refugee Women

and Children, 2005: 14). Þeir karlar sem búa í samfélagi þar sem nauðganir eru réttlættar eru líklegri til þess að aðhyllast hin hefðbundnu kynjahlutverk. Þeir eru líklegri til þess að réttlæta ofbeldi gagnvart konum til að viðhalda valdastöðu sinni. Ef þeir ná ekki að uppfylla hugmyndir karlmennskunnar þá fara karlar að upplifa sig sem fórnarlömb, að þeir hafi ekki fengið það sem þeir vildu í lífinu, jafningjar þeirra hafi náð lengra en þeir og ef mæður þeirra höfðu hærri menntunarstöðu þá sé það ósanngjarnt að þeir skuli ekki hafa náð lengra (Jewkes, Sikweyiya, Morrell og Dunkle, 2011). Sumir karlmenn telja að þegar þeir gangi í hjónaband þá sé meginhlutverk kvenna að sinna kynferðislegum þörfum þeirra þegar þeir vilja. Þau samfélög þar sem beiting ofbeldis er talin vera eðlileg, yfirburðum karlmannna er hampað og áhersla lögð á völd þeirra og líkamlegan styrk eru líklegri til þess að hafa hærri nauðgunartíðni (Krug, Dahlberg, Mercy, Zwi og Lozano, 2002: 162).

## 5.2 Uppeldi

Börn læra fyrst um áhrif valds frá foreldrum sínum, þar sem þau upplifa í eigin heimilislífi hver það er sem ræður og tekur ákvarðanir. Þau læra einnig hvaða hegðun er ásættanleg og hver ekki með tilliti til kyns. Uppeldi er því grunnur þess sem börn læra um samskipti kynjanna sem og valdastöðu þeirra. Í þeim samfélögum þar sem ofbeldis- og nauðgunartíðni er há geta afleiðingar félagsmótunar barna verið slæmar. Eru þau líklegri til þess að upplifa mikið mótlæti. Foreldrar, systkini og aðrir nánir aðstandendur í lífi barna kenna snemma ungum börnum hvernig þau eigi að hegða sér og barnið lærir snemma við hverja það geti samsvarað sig. Slík félagsmótun er áhrifamikil þar sem oftast er ekki beint til stelpna að þær eigi að hegða sér eins og dömur og því beint að stráku vera harðir af sér og að stórir strákar gráti ekki. Rannsóknir hafa bent til þess að slíkar staðhæfingar sem beinast að strákum séu sérstaklega harðar og takmarkandi og þær afleiðingar sem hljóttast af geti verið alvarlegar og ekki til þess líklegar að brjóta niður ríkjandi staðalímyndir. Þeir strákar sem samfélagið túlkar sem kvenlega eiga oftast en ekki erfiðara uppdráttar heldur en þeir strákar sem eru harðari af sér og það endurspeglar hvernig samfélagið metur kynin mismunandi (Newman og Grauerholz, 2002: 121).

Í mörgum samfélögum trúa karlmenn því að forréttindi og völd séu hluti af eðli þeirra og að aukið jafnrétti milli kynjanna muni ógna þeim forréttindum. Margir eiga því erfitt með að sjá heildarmyndina af þeim árangri sem hljótist af jafnrétti kynjanna (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 8). Rannsóknir hafa sýnt fram á það að strákar sem alast upp í feðraveldi eru síður hvattir af foreldrum sínum til þess að tjá tilfinningar, þar sem tilfinningar líkt og hræðsla og kvíði teljast vera kvenlægir eiginleikar. Í stað þess eru þeir aldir upp sem karlrembur (e. macho), sem felur í sér að þeir nota í auknu mæli reiði til þess að tjá tilfinningar og hafa mikla þörf til þess að berjast á móti því sem ógnar karlmennsku þeirra. Jafningjar og fjölskylda eiga jafnmikinn þátt og karlmennskuhugmyndirnar í að móta viðhorf þeirra til kynlífs. Viðhorf gagnvart kynhlutverkum, kynhneigð og annarri hegðun sem lærist snemma á lífsleiðinni geta haft áhrif á viðhorf einstaklinga til nauðgana (Murnen, Wright og Kaluzny, 2002: 371).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að karlmenn sem nauðga eru ólíklegri til þess að eiga í góðu sambandi við fjölskyldu sína, þá sérstaklega við feður sína. Lélegt samband á milli föður og sonar eykur líkur á fjandsamlegum viðhorfum gagnvart konum sem eykur þörf þeirra á að stjórna þeim (Murnen, Wright og Kaluzny, 2002: 371). Hlutverk hefðbundins kvenleika kennir konum að ekki sé hægt að stjórna kynhegðun karla og ef þær upplifa sig sem fórnarlömb kynferðisglæpa þá geti þær sjálfri sér um kennt. Samfélagið ætlast til að konur hagi sér kvenlega og þá muni samfélagið verðlauna þær (Murnen, Wright og Kaluzny, 2002: 371). Nauðganir eru því skiljanlegar út frá ákveðnum menningarbundnum gildum, þar sem áhersla er sérstaklega lögð á árásargirni, styrk, harðneskju og yfirráð í menningu karla. Skilningur er sýndur á því að það sé körlum mikilvægt að vera æðri konum, drottna og stjórna. Nauðganir eru því ekki dularfullar, þvert á móti eru þær ýktasta birtingarmynd slíkra hugmynda (Guðrún M. Guðmundsdóttir, 2004).

### **5.3 Fátækt**

Fátækt eykur bæði líkurnar á því að einstaklingar beiti kynferðislegu ofbeldi og að einstaklingar verði fórnarlömb slíks ofbeldis. Talið er að karlmennskuímyndin sé í hættu vegna þess að ungir karlar sem alast upp í fátækum samfélögum upplifa það að þeir hafi minni tækifæri til þess að uppfylla kröfur ríkjandi karlmennsku (Krug o.fl., 2002: 161). Óttinn við að ná ekki að uppfylla þessar karlmennskuhugmyndir getur skapað tilfinningalega spennu eins og ótta, reiði, sjálfseyðingarhvöt og árásargirni. Ungir karlmenn óttast sérstaklega að ná ekki uppfylla slíka karlmennsku og það getur orsakað ofbeldishegðun. Þar sem stór hluti

karlmennskunnar er skilgreindur út frá efnahagslegum sigrum þá ógnar aukið jafnrétti kynjanna hlutverki fyrirvinnunnar sem oft á tíðum eru karlar (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 8). Þeir upplifa það sem eins konar árás á þá þar sem þeir missa stöðu sína sem húsbóndi heimilsins (Krug o.fl.,2002: 161).Tengslin á milli nauðgana og fátæktar eru flókin þar sem í fátækari löndum elst stór hluti ungmenna upp án væntinga um atvinnu, þar sem lítið framboð starfa er til staðar, en það getur valdið gremju þar sem atvinnuleysi er á skjön við væntingar karlmennskunnar. Margir leiðast því út í glæpi til að takast á við slíka gremju og hættan eykst á því að karlar fari að beita konur ofbeldi (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 8).

Í íslenskri ofbeldiskönnun frá árinu 1996 kom í ljós að það voru engin tengsl á milli efnahagslegrar stöðu og ofbeldis hér á landi. Því má draga þá ályktun að efnahagsleg staða skipti mun minna máli varðandi ofbeldi í nánum samböndum á Íslandi heldur en víða annars staðar. Það er ekki eins meitlað í stein hérlendis að það sé hlutverk karlmannna að vera skaffarinn á heimilinu eins og áður var. Það er ekki sama ógn við sjálfsímynd karla þótt þeir missi vinnuna eða séu ekki jafn tekjuháir og konur, eins og í samfélögum þar sem hefðbundnari verkaskipting ríkir (Ingólfur V. Gíslason, 2008 : 26).

#### **5.4 Dóms-og lagakerfið**

Úrræði dóms- og lagakerfa vegna nauðgunarbrotu eru mismunandi eftir samfélögum. Sum samfélög hafa víðtæka skilgreiningu á nauðgunum og telja nauðgun innan hjónabanda vera glæpsamlega og kynferðisbrotamenn fá þunga dóma. Einnig er lögð áhersla á að veita fórnarlömbum kynferðisglæpa stuðning. Mikil áhersla er lögð á að rannsaka slíka glæpi og hafa hagsmuni fórnarlamba í fyrirrúmi. Hinsvegar eru líka til samfélög sem beita ekki slíkum úrræðum og þar sem vitnisburður fórnarlamba eru ekki talin vera næg sönnunargögn til þess að sakfella brotamaninn. Nauðgun innan hjónabanda er oft á tíðum ekki skilgreind sem glæpur og fórnarlömbum nauðgana er ráðið frá því að kæra þær (Krug o.fl., 2002: 161).

Kynbundið ofbeldi gagnvart konum er vel þekkt fyrirbæri á Indlandi og ekki nýtt af nálinni. En það sem einkennir Indland sérstaklega er hve dómskerfið er tregt að taka á slíkum glæpum, þar sem margir viðurkenna ekki alvarleika þeirra. Konur á Indlandi eru síður líklegar til þess að stíga fram og segja frá ofbeldi sem þær verða fyrir. Það geti haft í för með sér fordæmingu af samfélaginu sem þær búa í. Þetta samfélag einkennist af feðraveldi og af hefðbundnum skoðunum um kynhlutverk innan fjölskyldunnar, þar sem staða karla er mun betri en kvenna. Karlmennirnir stjórna flestum sviðum samfélagsins og mótast því menningin



af karllægum gildum (Ahmed-Ghosh, 2004: 95). Það var ekki fyrr en árið 1983 sem ofbeldi innan hjónabanda var skilgreint sem glæpur á Indlandi. Áður fyrr var talið að slíkir glæpir teldust vera einkamál fjölskyldunnar (Ahmed-Ghosh, 2004: 99). Engu að síður þá virðist sem lögreglan sé ekki mótfallin ofbeldi gagnvart konum þar sem hún telur að það sé hlutverk karlmanna að aga konur til. Afskiptaleyfi lögreglunnar á slíkum málum má rekja til þess að hún vill síður sundra fjölskyldum. Konur eru því ólíklegri til þess að fá réttlætinu framgengt í slíkum málum þar sem yfirvöld eru ekki með hagsmuni kvenna í huga. Karlrembuviðhorf (e. macho) lögreglunnar fæla einnig konurnar frá því að tilkynna glæpi, þar sem viðbrögðin sem mæta þeim eru oft kaldlynd og skilningslaus. Erfitt er líka fyrir konur að sanna að þær hafi verið beittar ofbeldi af hendi maka þar sem vitni eru ólíkleg til þess að vilja stíga fram og styðja frásögn kvennanna. Þær konur sem leita sér læknishjálpar til að fá áverkavottorð mæta oft á tíðum lokuðum dyrum þar sem til eru dæmi um að lækna vilji ekki skrúsetja viðeigandi skjöl, sérstaklega ef áverkar fórnarlambanna eru ekki sjáanlegir. Í rannsókn indverska félagsfræðingsins Chikarmane þá leitaði hún svara hjá lögreglunni um viðhorf hennar til ofbeldis innan hjónabanda en þá voru viðbrögðin oft á tíðum þannig að konur væru orðnar of merkilegar með sig og það þyrfti að lækka í þeim rostann (Ahmed-Ghosh, 2004: 100).

Viðhorf til nauðgana í indversku samfélagi einkennist af því að fórnarlömbin sjálf hafi vanvirt fjölskylduna með því að hafa verið nauðgað og fórnarlömbunum er því oftast kennt um glæpinn (Ahmed-Ghosh, 2004: 102). 75 % af þeim konum sem tilkynna ekki til lögreglu að þær hafi verið beittar ofbeldi, gera það ekki vegna þess þær eru hræddar við að vanvirða eiginmenn sína (Ahmed-Ghosh, 2004: 111).

Með því að skilgreina makaofbeldi sem félagslegt vandamál eða sem glæp þar sem áherslan er lögð á að refsá brotamanninum munu viðhorf samfélagsins breytast. Margar indverskar konur telja að eiginmenn þeirra hafi rétt á því að beita þær ofbeldi, það sé hluti af hjónabandinu. Fæstar konur hafa tækifæri til að leita sér viðeigandi upplýsinga um mannréttindi sín, en með betri upplýsingagjöf er hægt að vonast til að þær verði meira meðvitaðar um að nauðgun innan hjónabands sé glæpur (Ahmed-Ghosh, 2004: 116).

## 6 Aukið jafnrétti kynjanna

Svo að konur og karlar geti lifað í sátt og samlyndi, þurfa karlar að breyta viðhorfum sínum og hegðun. Enn er langt í land í jafnréttisbaráttu kvenna, margar konur bera enn óhóflega byrði þegar kemur að uppeldi barna og af heimilishaldi. Konur eru oft á tíðum minna metnar heldur en karlmenn og þær þurfa að aðlaga sig að stofnunum sem er stjórnað í flestum tilvikum af körlum og eru mótaðar af þörfum og sjónamiðum þeirra (Lips, 1991: 199). Það þyrfti að endurskipuleggja samfélög frá grunni ef jafnrétti kynjanna ætti að nást, þar sem bæði kynin væru jafn mikilvæg í uppbyggingu atvinnulífs sem og innan fjölskyldunnar. Slíku takmarki verður aldrei náð ef það eru einungis konur sem vilja slíkar breytingar (Lips, 1991 : 200).

Leggja þarf áherslu á að bæði kynin sinni heimilishaldi sem og uppeldi barna, þar sem rannsóknir hafa bent á að það að hafa bæði kvenkyns og karlkyns fyrirmyndir hafi jákvæð áhrif á jafnréttiskennd barna (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005 : 15). Í þeim samfélögum þar sem lögð er meiri áhersla á jafnrétti kynjanna eru karlar óhræddari við að tjá tilfinningar sínar. Þeir eiga betri og innilegri sambönd við bæði konur og karla og eiga kost á að sinna uppeldi barna og taka meiri þátt í lífi þeirra (Women's Commission for Refugee Women and Children, 2005: 16).

Í þróuðum vestrænum ríkjum er ofbeldi gagnvart konum líka staðreynd en oft á tíðum afsakað. Viðhorf til jafnréttismála geta gefið vísbendingar um mögulega framtíðarþróun þjóðfélaga þar sem þau endurspeglar gildismat, menningu og samskipti karla og kvenna (Andrea Hjálmarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2008: 77). Viðhorf til jafnréttismála mótast af umhverfinu og benda rannsóknir á að viðhorfin hafi orðið sífellt jákvæðari á síðastliðnum áratugum í kjölfar vaxandi jafnréttis kynjanna á Vesturlöndum (Andrea Hjálmarsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2008: 80).

Það eru vísbendingar um að dregið hafi úr ofbeldi gagnvart konum í nánnum samböndum á Vesturlöndum. Erfitt er þó að mæla og meta slíkt á milli samfélaga þar sem umburðarlyndi einstaklinga er breytilegt. Í danskri rannsókn frá árinu 2007 bendir margt til þess að dregið hafi úr líkamlegu ofbeldi um rúmlega 30 % gagnvart konum af hendi maka eða fyrrverandi maka á árunum 2000-2005. Svipaðar niðurstöður héraðs hafa bent á slíkt hið sama. Hluti skýringar af slíkri þróun eru að úrræði fyrir þólandur séu orðin mun betri heldur en þau voru áður fyrr. Einnig eru konur ekki eins háðar körlum fjárhagslega sem auðveldar þeim að enda ofbeldissambönd. Þær staðreyndir ættu að draga úr kenningu róttækra femínista um að ofbeldi gegn konum aukist með auknu jafnrétti kynjanna þar sem karlar snúist til varnar þegar þeim

finnst vegið að sínum forréttindum. Heldur séu rannsóknir sem benda á að ofbeldi sé grófara og meira í þeim samfélögum sem eru bundin við kynhlutverk og þar sem misréttið er mikið á milli kynjanna (Ingólfur V Gíslason, 2008 : 49-50).

## 6.1 Jafnréttissinnað uppeldi

Rannsóknir benda til þess að börn sem alast upp hjá foreldrum sem eru jafnréttissinnuð, verði meðvitaðri um fjölbreytileika samfélagsins. Drengir og stúlkur fá stuðning út frá sinni einstaklingsbundnu getu frekar en út frá rótgrónum hugmyndum um getu kynjanna. Stór hluti bæði karla og kvenna í jafnréttissinnuðum samfélögum eru sammála um að bæði kynin skuli hafa jafnmikla möguleika í lífinu og að engum skuli vera mismunað vegna kyns síns. „Barnæskan sýnir manninn, líkt og morguninn sýnir daginn (Childhood shows the man, as morning shows the day).“ Þessi fleygu orð rithöfundarins John Milton benda á að hvernig barnæskan mótar einstaklinginn, gerir hann að þeim manni sem hann verður síðar. Það er mikilvægt að bæði strákar og stelpur eigi kost á því að aðlagast samfélaginu út frá sinni eigin getu án þess að tekið sé tillit til kyns, stöðu eða kynþáttar (Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartementet, 2008-2009: 16).

Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartementet í Noregi leggur áherslu á að besta leiðin til þess að móta börn í átt að kynjajafnrétti sé að ala þau upp á heimilum þar sem verkaskipting innan sem utan heimilisins sé skipt jafnt á milli föður og móður. Skólar þurfa einnig hafa jafnréttisstefnu þar sem kynin upplifa sig sem jafningja með sömu möguleika (Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartementet, 2008-2009: 17). Börn í minnihlutahópum sem setjast að í jafnréttissinnuðum löndum geta upplifað togstreitu á milli menningarheima þar sem jafnréttissinnuð viðhorf skólakerfisins kenna þeim annað en þær rótgrónu hugmyndir sem þau eru alin upp við heima (Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartementet, 2008-2009: 18).

Vegna ofuráherslu margra samfélaga á mismunandi eiginleika kynjanna hafa sumir tileinkað sér kynlaust uppeldi (e. androgynus). Slíkt uppeldi felur í sér að lögð er áhersla á að börnin tileinki sér bæði karllæg og kvenleg hegðunarmynstur. Talsmenn slíkra uppeldisaðferða sjá enga ástæðu fyrir því að kynin geti ekki gert það sama þrátt fyrir örfáa ólíka líffræðilega þætti. Engu að síður eru slíkar uppeldisaðferðir takmarkandi þar sem börn fara fyrir eða síðar að taka þátt í hinum kynjaskipta heimi þrátt fyrir viðhorf foreldra sinna (Newman og Grauerholz, 2002: 121). Rannsóknir hafa hins vegar bent á, að þau börn sem

alast upp í femínísku umhverfi þar sem lögð er áhersla á jafnrétti kynjanna séu líklegri til þess að taka sjálf upp þau viðhorf á fullorðinsárunum, þegar þau hafa öðlast vitsmunalegan þroska til þess að tileinka sér kynlaus viðhorf og hegðun (Newman og Grauerholz, 2002: 122). Sumir félagsfræðingar efast um að foreldrar barna eða einhver annar geti haft þau áhrif að breyta kynhlutverkunum þar sem þau er svo rótgróin í menninguna (Newman og Grauerholz, 2002: 123).

Félagsfræðingurinn Scott Coltrane gerði árið 1988 rannsókn á því hvort rekja megi aukna þátttöku feðra í uppeldi barna til betri samfélagslegrar stöðu kvenna. Í niðurstöðum hans kom í ljós, að þau samfélög þar sem þátttaka feðra í uppeldi barna er mikil og samband á milli föðurs og barna er sterkt, er staða kvenna betri í samfélaginu. Þar sem þátttaka feðra var lítil í uppeldi barna var staða kvenna verri og þær höfðu lítil samfélagsleg áhrif. Mætti því segja að samband föðurs og afkvæmis hafi forspárgildi fyrir stöðu kvenna í samfélaginu (Lips, 1991: 108).

## **6.2 Áhrif jafnréttisbaráttu kvenna á nauðgunartíðni**

Kynjajafnrétti mælist mest hér á landi miðað við jafnréttisskala World Economic Forum (2012). Finnland, Noregur og Svíþjóð koma þar næst á eftir. Í 105. sæti af 135 löndum situr Indland (Hausman, Tyson og Zahidi, 2012: 33). Ef borin er saman nauðgunartíðni þessara landa miðað við jafnréttislista World Economic Forum þá eru niðurstöðurnar snúnar. Í skýrslu United Nations Office on Drugs and Crime (2010) eru tekin saman öll þau nauðgunarbrot sem tilkynnt hafa verið til lögreglu víðsvegar um heiminn. Árið 2009 voru rúmlega 6000 kærðar nauðganir í Svíþjóð sem gerir 63,8 nauðganir á hverja 100.000 íbúa. Svíþjóð mælist með eina hæstu nauðgunartíðni í Evrópu. Árið 2009 voru 998 kærðar nauðganir í Noregi eða um 20,6 nauðganir á hverja 100.000 íbúa. Nauðganir á Íslandi eru ívið fleiri hlutfallslega þar sem 78 nauðganir voru kærðar árið 2009 eða um 24,7 nauðganir á hverja 100.000 íbúa. Ef slíkar tölur eru bornar saman við Indland, þá voru kærðar rúmlega 21 þúsund nauðganir árið 2009 í Indlandi sem gerir 1,8 nauðgun á hverja 100.000 íbúa (United Nations Office on Drugs and Crime, 2010). Hafa ber í huga að nauðganir eru ekki skilgreindar eins í mismunandi löndum og vinnureglur lögreglu og dómsvalda eru breytilegar eftir þjóðfélögum. Þó erfitt sé að bera saman gögn milli landa þá mælist nauðgunartíðni í vestrænum löndum ríkjum í hærra lagi, jafnvel þó svo að jafnrétti kynjanna mælist hærra í þeim löndum.

Slíkar misvísandi niðurstöður margra rannsókna má ef til vill tengja við að nauðganir og kynferðisglæpir eru ekki nægilega vel skráðir glæpir þar sem margar konur eiga erfitt með að tilkynna slíka glæpi. Því má telja líklegt að skráð tilvik til lögreglu í skýrslu UNESCO sé ekki að birta rétta mynd af raunverulegri stöðu kvenna í heiminum. Nauðganir og kynferðisbrot eru persónulegir glæpir, oftar en ekki þekkja fórnarlömbin gerendur sem gerir þeim erfiðara fyrir að stíga fram og kæra ofbeldið. Samfélagsleg staða kvenna getur einnig haft áhrif á hvort konur segi frá nauðgunum, þar sem í mörgum samfélögum eru þær settar skörinni lægra heldur en karlar. Þær kæra síður þessa glæpi því ólíklegt er að dómskerfið dæmi þeim í hag og í sumum samfélögum er nauðgun ekki skilgreind sem glæpur eða þá að konurnar sjálfar eru dæmdar til refsingar fyrir það að hafa verið nauðgað (Lee, Hilinski og Clevenger, 2009: 193-194).

## 7 Staðan á Íslandi í kynferðisafbrotamálum

### 7.1 Hefur ofbeldi gagnvart konum aukist ?

Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A Arnalds framkvæmdu árið 2008 rannsókn þar sem þær tóku viðtöl við íslenskar konur á aldrinum 18-80 ára sem höfðu orðið fyrir ofbeldi innan sambanda og við þær sem höfðu orðið fyrir ofbeldi af hendi annarra. Niðurstöður rannsóknarinnar byggjast á 3000 manna slembiúrtaki af konum á öllu landinu. Þær báru saman niðurstöður sínar við rannsókn sem gerð var árið 1996 að frumkvæði dómsmálaráðuneytisins um umfang og eðli ofbeldis í nánnum samböndum. Þær niðurstöður byggjast á 3000 manna tilviljunarúrtaki þar sem bæði konur og karlar voru þátttakendur. Ef bornar eru saman þessar tvær rannsóknir kemur í ljós að 29 % kvenna höfðu verið beittar líkamlegu ofbeldi árið 1996 samanborið við 30 % kvenna árið 2008. Samkvæmt þessum niðurstöðum hefur líkamlegt ofbeldi gagnvart konum ekki aukist á þessum 12 árum. Þó svo að samfélagslegar aðstæður hafa breyst á þessum tíma þá eru niðurstöðurnar engu að síður áhugaverðar (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010: 77). Hlutfall þeirra kvenna sem urðu fyrir ofbeldi í nánnum sambandi var 14 % árið 1996 en 20 % árið 2008. Hefur því líkamlegt ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum aukist um 6 % á þessu árabili. En þegar skoðaðar voru niðurstöðurnar á því ofbeldi sem konur urðu fyrir af hendi annarra breyttist myndin. Árið 1996 höfðu 15 % kvenna orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hendi annarra, en árið 2008 er hlutfallið 13 %. Samanburður þessarra tveggja rannsókna getur gefið vísbendingar um að ofbeldi gagnvart konum hérlendis hefur lítið breyst ef heildina er á litið. Ekki er þó hægt að alhæfa út frá þeim samanburði þar sem kannanirnar tvær eru ekki sambærilegar. Elísabet og Ásdís báru síðan þessar niðurstöður við niðurstöður saman við fjölþjóðakönnun IVAWS en það var könnun sem framkvæmd var í ólíkum löndum. Þar bentu niðurstöður á að umfang og eðli ofbeldis gegn konum er hlutfallslega minna í þeim löndum þar sem staða kvenna er betri (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010: 78).

### 7.2 Rannsóknarskýrsla um einkenni og meðferð nauðgunarmála

Í nýútgefinni rannsóknarskýrslu sem gerð var um einkenni og meðferð nauðgunarmála á Íslandi sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2008 og 2009, kom í ljós, að þau brot sem komu til rannsóknar einkenndust af aðstöðu- og þroskamun brotamanna og þolenda. Í rannsókninni voru lögregluskýrslur greindar út frá einkennum brotanna, atvikum, aðstæðum og málalokum. Gerð var grein fyrir þeim brotum sem féllu niður hjá lögreglu og þeim sem

vísað var áfram til ríkissaksóknara og hins vegar þeim málum sem ríkissaksóknari felldi niður eða gaf út ákæru. Að mestu leyti er stuðst við frásagnir brotþola (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013: 2).

Á árunum 2008 til 2009 höfðu lögregluembættin til meðferðar 189 mál sem samsvarar 29,8 nauðgunarmálum á hverja 100.000 íbúa að meðaltali fyrir hvort ár. Það sem helst einkennir þau nauðgunarmál sem framin voru á þessum tíma, var að brotþolar voru í flestum tilvikum ungar íslenskar konur. Meðalaldur brotþola var 22 ár (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013 : 10). Karlar og drengir voru gerendur í öllum málum nema í einu og 71% gerenda voru Íslendingar. Flestir gerendur voru ungir karlmenn á aldrinum 18 -29 ára, rúmlega helmingur þeirra voru 25 ára og yngri en meðalaldur brotamanna var 29 ár (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013 : 9). Slíkar niðurstöður gefa til kynna að það er mikill þroska- og aðstöðumunur á fórnarlömbum og gerendum. Til voru dæmi um að brotamenn nýttu sér andlegt heilsufar eða vímuefnaneyslu fórnarlambanna (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013 : 14).

Í helmingi málanna þekktust gerendur og brotþoli lítið sem ekkert en í hinum helmingi málanna voru um sterkari tengsl að ræða, þar sem þeir voru annað hvort vinir eða kunningjar kvennanna. Í aðeins 6% tilvika var enginn undanfari að brotinu eða svonefndar árásarnauðganir, en í flestum tilvikum höfðu áður verið samskipti á milli gerenda og þolanda (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013 : 13).

Flest brot sem tilkynnt voru til lögreglu gerðust um helgar eða um 63% þeirra og voru flest framin að næturlagi. Í flestum tilvikum voru brotþolar undir áhrifum áfengis eða í um 62% tilvika og í 40% tilvika hjá gerendum. Sjaldgæft var að hvorugur aðilinn væri undir áhrifum eða í 11% tilvika. Nauðgunarbrot tengjast því áfengisneyslu að miklu leyti. Gerendur beittu líkamlegu afli til þess að ná fram vilja sínum í flestum tilfellum. Algengt var að gerendur brytu gegn fórnarlömbunum í krafti aldurs- og þroskamunar og áttu yngri fórnarlömb erfiðara með að meðtaka glæpin þar sem brotþolar skildu ekki þýðingu verknaðarins fyrir en síðar. Í þeim nauðgunarmálum þar sem gerendur notfærðu sér ölvunarástand fórnarlamba áttu brotþolar erfiðara með að veita mótspyrnu (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013: 16).

Af 189 nauðgunarmálum lauk einungis tæplega fimmtungi þeirra með sakfellingu fyrir dómi eða um 19,3 %. Mál voru lätin niður falla hjá lögreglu í 26 % tilvika. Þær ástæður sem gefnar voru fyrir því að lögregla hætti rannsókn, voru í flestum tilvikum að engin vitni væru að nauðguninni, það væri erfitt að sanna að brotþoli hafi ekki verið samþykktur samförum,

erfitt að sanna ásetning sakbornings, ónóg sönnunargögn og að orð væru á móti orði sem og að framburður vitna væri ekki sá sami og fórnarlamba. Þar sem flest kærð brot áttu sér stað um helgar að næturlægi, voru brot sem gerðust á milli 18:00 og 03:00 líklegri til að vera vísað til ríkissaksóknara heldur en þau brot sem gerðust eftir klukkan 03:00 að nóttu til. Þau brot eru líklegri til þess að tengjast áfengisnotkun þar sem brotþolar, vitni og sakborningar voru frekar undir áhrifum áfengis og minnið því gloppóttara og málsatvik ekki eins skýr (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013: 41).

Lögregla vísaði málunum oftast til ríkissaksóknara ef gerendur voru af erlendu bergi brotnir og út frá því má draga þá ályktun að fórnarlamb og gerandi þekkist síður. Einnig kom fram í niðurstöðum að þeir sem voru af erlendu bergi brotnir beittu oftast líkamlegu valdi. Niðurstöður leiddu einnig í ljós að ef fórnarlömbin höfðu sýnilega áverka þá voru þau mál líklegri til þess að vera vísað til ríkissaksóknara (Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir og Maríanna Þórðardóttir, 2013: 43).



## 8 Lokaorð og umræður

Erfitt er að alhæfa um hvort að uppeldi eitt og sér hafi áhrif á að karlar beiti konur kynferðisofbeldi. Niðurstöður þessarar ritgerðar benda þó til þess að þeir drengir sem alast upp við erfiðar uppeldisaðstæður svo sem fátækt, misrétti og ofbeldi séu líklegri heldur en aðrir til að beita konur kynferðislegu ofbeldi seinna meir. Það þýðir samt ekki að allir karlar sem alast upp við slíkar aðstæður verði kynferðisafbrotamenn. Þeir drengir sem hins vegar alast upp við jafnrétti kynjanna eru ólíklegri til þess að beita kynferðislegu ofbeldi.

Þó jafnrétti mælist með því hæsta í heiminum hérlendis og í Svíþjóð, þá mælist nauðgunartíðni há í báðum þessum löndum. Það tel ég að megi rekja til þess að konur á Norðurlöndunum eigi auðveldara með að kæra slíka glæpi til lögreglu heldur en konur sem búa við kúgun svo sem í þeim löndum þar sem feðraveldi ríkir líkt og á Indlandi. Þar mælist nauðgunartíðni mun lægri heldur en mælist á Norðurlöndunum. Slíkt tel ég að geti verið villandi og geta þessar tölur gefið upp ranga mynd á raunverulegri stöðu kvenna í þessum löndum. Ástæðan fyrir því að konur til dæmis á Indlandi séu ólíklegri til þess að tilkynna ofbeldi er vegna þess að margar þeirra búa við erfið lífsskilyrði, nauðgun er ekki skilgreind sem glæpur eða þá að þeim verði refsað fyrir að tilkynna slíka glæpi. Fá úrræði eru í boði fyrir þær og margar telja að eiginmenn þeirra eigi rétt á því að beita þær ofbeldi. Lögreglan og dómskerfið tekur ekki á slíkum glæpum sem getur endurspeglad viðhorf feðraveldisins, sem reynir að réttlæta slíka glæpi gegn konum.

Miðað við þær heimildir sem notaðar voru í þessari ritgerð þá tel ég að nauðgunartíðni hérlendis hafi ekki aukist samhliða auknu jafnrétti kvenna. Heldur hafi nauðgunartíðni lítið breyst á milli ára, en tilkynningum um heimilisofbeldi hefur hins vegar fjölgað. Slíkt tel ég megi rekja til aukinnar skráningar á slíkum brotum, konur séu ekki eins fjárhagslega háðar körlum og áður og eigi auðveldara með að koma sér út úr ofbeldisfullum samböndum. Einnig hefur aukist að einstaklingar séu að stíga fram og segja frá kynferðislegu ofbeldi sem þeir hafi lent í fyrir mörgum árum. Líklegt er að þessa aukningu á kærnum megi rekja til aukinnar umræðu og vitundarvakningar um kynferðisafbrotamál í samfélaginu í kjölfar réttindabaráttu kvenna.

Nauðgunarmenningin teygir sig þó víða og áhrifin leyna sér ekki hérlendis, þó svo hún sé ekki í sinni ýktustu mynd. Þegar Húsavíkurmálið, Steubenville nauðgunin og nauðgunarmálin á Indlandi komu upp í fjölmiðlum þá vöktu þau upp mikil viðbrögð hérlendis og víðar í heiminum. Mikil umræða spratt upp í kjölfarið og vökti þau mál upp mikla reiði

meðal almennings. Ég tel að rétta leiðin til þess að reyna að útrýma kynferðislegu ofbeldi sé að gera það opinbert. Kúgaðar konur í feðraveldisríkjum munu ekki fá úrlausn sinna mála fyrr en rótgrónar hugmyndir feðraveldisins breytast. Stórt skref í rétta átt er aukinn frétttaflutningur og fræðsla um það ofbeldi sem konur verða fyrir í þeim löndum þar sem algengt er að slík mál séu þöggðu niður.

Eitt er þó víst að jafnrétti eitt og sér muni ekki útrýma nauðgunum, en jákvæð áhrif jafnréttis leyna sér ekki. Börn sem alast upp við jafnrétti á heimilinu, helst hjá báðum foreldrum muni í framtíðinni byggja upp heilbrigðari sýn á þjóðfélagið og þar með verða líklegri til þess að tileinka sér jafnréttissinnuð viðhorf.

## 9 Heimildaskrá

- Ahmed-Ghosh, H. (2004). Chattels of Society : Domestic Violence in India. *Violence Against Women*, (10)94, (94-117).
- Anderson, I., Beattie, G. og Spencer, C. (2001). Can blaming victims of rape be logical? Attribution theory and discourse analytic perspectives. *Human Relations*,54(4),(445-467).
- Andrea Hjálmarsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2008). „Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil“...? *Uppeldi og menntun*, 17(2), (75-85).
- Austin, R. L. og Kim, Y.S. (2000). A Cross-National Examination of the Relationship Between Gender Equality and Official Rape Rates. *International Journal of Offender Therapy and Comparative Criminology*, (204-221).
- Ásta Jóhannsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir, Kristín Anna Hjálmarsdóttir. (2011). Öðlingurinn 2011: Bergmál kynjakerfis eða persónulegur ávinningur jafnréttis? Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls 16-24). Reykjavík : Félagsvísindastofnun Íslands.
- Barne-, Likestillings- og Inkluderingsdepartementet (2008-2009). *Men, Male Roles and Gender Equality*. Sótt 16. apríl 2013 af [http://www.regjeringen.no/pages/2178168/PDFS/STM200820090008000EN\\_PDFS.pdf](http://www.regjeringen.no/pages/2178168/PDFS/STM200820090008000EN_PDFS.pdf)
- Connell, R.W. (2005). *Masculinities*. (2. útgáfa). Cambridge: Polity Press.
- Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi*. Reykjavík : Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd og Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Gerður Bjarnadóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. (2011). Kynjakerfið og viðhorf framhaldsskólanema. *Netla*,(1-16).
- Guðbjört Guðjónsdóttir og Júlíana Magnúsdóttir. (2011). Ingólfur Arnarson, Björgólfur Thor og Ólafur bóndi á Þorvaldseyri. Karlmennska, kynjakerfi og þjóðernissjálfsmynd eftir efnahagshrun. Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum XII* (bls 45-53). Reykjavík : Félagsvísindastofnun Íslands.
- Guðrún Margrét Guðmundsdóttir. (2004). *Afhverju nauðga karlar ? Óbirt MA-ritgerð*: Háskóli Íslands, Mannfræðideild.

- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2012). Styðjandi og mengandi kvenleiki innan áru kynjajafnréttis. *Íslenska þjóðfélagið*, 3, (5-18).
- Harrendorf, S., Heiskanen, M. og Malby, S. (ritstjórar). *International Statistics on Crime and Justice*. Helsinki : European Institute for Crime Prevention and Control, Affiliated with the United Nations.
- Hausmann, R., Tyson, L.D. og Zahidi, S. (2012). *The Global Gender Gap Report 2012*. Köln: World Economic Forum.
- Helgi Gunnlaugsson. (2000). *Afbrot og Íslendingar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hildur F. Antonsdóttir, Þorbjörg S. Gaunlaugsdóttir og Marianna Þórðardóttir. (2013). *Einkenni og meðferð nauðgunarmála sem bárust lögreglu á árunum 2008 og 2009*. Reykjavík: Edda.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum. Orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík : Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Jewkes, R., Sikweyiya, Y., Morrell, R. og Dunkle, K. (2011). Gender Inequitable Masculinity and Sexual Entitlement in Rape Perpetration South Africa: Findings of a Cross-Sectional Study. Sótt 20. apríl 2013 af <http://www.plosone.org/article/info%3Adoi%2F10.1371%2Fjournal.pone.0029590>
- Katrín Björg Ríkarðsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2012). Er hægt að bjóða kynjakerfinu birginn? Reynsla átta kvenna af smíðum og tölvunarfræði. *Netla*, (1-15).
- Krug, E. G., Dahlberg, L.L., Mercy, J.A., Zwi, A.B og Lozano, R (Ritstjórar).(2002). *World Report on Violence and Health*. Genf : WHO.
- Lawson, C. (1993). Toys Will Be Toys: The Stereotypes Unravel. *The New York Times*. Sótt 22. apríl 2013 af <http://www.nytimes.com/1993/02/11/garden/toys-will-be-toys-the-stereotypes-unravel.html>
- Lee, D. R., Hilinski, C. M. og Clevenger, S. (2009). The Contributions of Female Independence and Gender Equality to Rape in Metropolitan Areas. *International Journal of Social Inquiry*, 2(2),(177-198).

- Lips, H. M. (1991). *Women, Men and Power*. Mountain View: Mayfield Publishing Company.
- Malamuth, N. M. (1981). Rape Proclivity Among Males. *Journal of Social Issues*, 37(4), (139-157).
- Munsch, C. L. og Willer, R. (2012). The Role of Gender Identity Threat in Perceptions of Date Rape and Sexual Coercion. *Violence against women*, 18(10), (1125-1146).
- Murnen, S. K., Wright, C. og Kaluzny, G. (2002) If "boys will be boys," then girls will be victims? A meta-analytic review of the research that relates masculine ideology to sexual aggression. *Sex Roles: A Journal of Research* 46, (359-375).
- Sheffield, C. J. (1987). Sexual Terrorism : The Social Control of Women. Í Jo Freeman (ritstjóri). *From Women: A Feminist Perspective*. (5. Bindi, bls 409-424). New York: Mayfield Publishing.
- Siegel, L. J. (2009). *Criminology*. Belmont: Thomson Wadsworth.
- The Centre for the Study of Violence and Reconciliation.(2010). *Why South Africa is so violent and what we should be doing about it. Statement by the Centre for the Study of Violence and Reconciliation*. Sótt 20. apríl 2013 af <http://www.csvr.org.za/docs/study/CSVStatement091110.pdf>
- Thio, A. *Deviant Behavior*. Boston: Pearson.
- United Nations Office on Drugs and Crimes. (2010). *Rape at the national level, number of police-recorded offences*. Sótt 16. apríl 2013 af <http://www.unodc.org/unodc/data-and-analysis/statistics/crime.html>
- Þorgerður Einarsdóttir. (2004). Hið vísindalega er pólitískt. Í Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (ritstjórar), *Íslensk félagsfræði* (bls.200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum VII*.(bls 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Íslands.
- Þorgerður H. Þorvaldsdóttir. (1997). „Gender sem greiningartæki í sögu. *Íslenska söguþingið 28-31 maí 1997. Ráðstefnurit II*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. 252-258.

WHO. (2012). *Understanding and addressing violence against women*. Sótt 26. apríl 2013 af [http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77434/1/WHO\\_RHR\\_12.37\\_eng.pdf](http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/77434/1/WHO_RHR_12.37_eng.pdf)

Women's Commission for Refugee Women and Children. (2005). *Masculinities: Male Roles and Male Involvement in the Promotion of Gender Equality. A Resource Packet*. New York : Women's Commission for Refugee Women and Children.

World Economic Forum. (2005). *Women's Empowerment: Measuring the Global Gender Gap*. Köln : World Economic Forum.